

Fundargerð stjórnar BÍS 15/2015. miðvikudaginn 12. ágúst 2015 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi: Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs.

Gestur: Halldóra Guðrún Hinriksdóttir, undir lið 7a.

Dagskrá:

- 1) Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna til starfa að loknu sumarleyfi.
- 2) Fundargerð síðasta fundar: Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- 3) Alþjóðamál: JÞG fór yfir nokkur mál:
 - a) Norræna skátaþingið: Verið er að ljúka gerð endurmats og eru stjórnarmenn sem þess óska beðnir að koma ábendingum og athugasemdum sínum til JÞG á allra næstu dögum.
 - b) Formennska í Norrænu samstarfsnefndinni: Ísland skilar af sér formenskunni á fundi nefndarinnar 5. september.
 - c) Haustfundur norrænu samstarfsnefndarinnar: Á fundinum verður unnið úr tillögum Norræna skátaþingsins varðandi starfsáætlun samstarfsins næstu þrjú ár. JÞG óskar eftir því að hann og FFS hafi umboð stjórnar til þess að afgreiða þær tillögur sem fram koma. Samþykkt.
 - d) Framboð til Evrópustjórnar WOSM: BÍS hefur tilkynnt að það muni bjóða Huldu Sólrúnu Guðmundsdóttur fram til endurkjörs. Finnar hyggjast einnig bjóða fram fulltrúa. Á árum áður var samstaða milli norðurlandanna um einn frambjóðanda en nú eru breyttir tímar og sjálfsagt þykir að bjóða fram fleiri en einn og kynna þá til jafns.
 - e) Styrkur til fulltrúa BÍS í Evrópustjórn WOSM: JÞG leggur til að leitað verði leiða til þess að BÍS styrki HSG vegna kostnaðar sem fylgir stjórnarsetu hennar og ekki er greiddur af WOSM. Allt kapp verði lagt á að þessi styrkur komi ekki af rekstrarfé BÍS. Afgreiðslu frestað, en BB falið að kanna málið.
 - f) Rekkaskátaviðburður á Írlandi í samstarfi við Scouting Ireland: JÞG hefur verið í samkiptum við Íra annars vegar og Finnþóru Jónasson og Silju Þorsteinsdóttur hins vegar vegna undirbúnings viðburðarins sem gert er ráð fyrir að verði haldinn í fyrsta sinn haustið 2016. Viðburðurinn tengist nýjum starfsgrunni rekkaskáta. JÞG óskar eftir heimild stjórnar til þess að ganga til samninga við Finnþóru og Silju um það að leiða undirbúningshóp. Samþykkt.
- 4) Upplýsingaráð: BB kynnti tillögu að skipan tengiliðar upplýsingaráðs við stjórn í framhaldi af afsögn Gunnlaugs Braga Björnssonar. Samþykkt að fela BB að vinna áfram að málinu.

- 5) Heimsóknir til skátafélaga: JA kynnti tillögur að skipulagi heimsókna. Samþykkt að skipta félögum í þrjá hópa. Fyrsti hópurinn mun fá heimsókn frá félagaráði þar sem áhersla er lögð á að fara yfir sjálfsmatið sem ráðið hefur verið að þróa. Annar hópurinn mun frá heimsókn frá dagskrárráði þar sem áhersla er lögð á starfsgrunninn. Þriðji hópurinn mun fá heimsókn frá BB og HS þar sem áhersla verður lög á leiðir til uppbyggingingar félagsins. Að sjálfsögðu verður farið yfir fleiri mál og áhersla lögð á að hlusta eftir því sem félögin vilja koma á framfæri. Skátamiðstöðinni er falið að senda almennar upplýsingar út fyrir fundina og einnig spurningar um almenna stöðu félaganna og hvaða óskir þau hafa um málefni til umræðu í heimsókninni.
- 6) Skátaheit: FFS sagði frá stöðunni í vinnu vinnhópsins. Gert er ráð fyrir að hann ljúki vinnu sinni á fundi næstkomandi mánudag. JA falið að senda textann á stjórn.
- 7) Meginviðfangsefni:
 - a) Stefnumörkun BÍS: BB bauð HGH velkomna á fundinn og bað hana að stýra vinnunni. HGH sagði frá því að stýrihópur sem stjórn skipaði hefði hist og farið yfir málið. Niðurstaðan var sú að betra væri að fleiri kæmu að vinnunni og því ákvað stýrihópurinn að skila umboði sínu aftur til stjórnar og óska eftir því að stjórnin öll væri stýrihópurinn, ásamt HGH. Samþykkt. Verkefni fundarins er síðan að fara yfir markmiðin og koma með tillögur að leiðum og verkefnum. Fundarmenn skiptu sér í þrjá hópa og tók hver hópur fyrir 2 markmið. Farnar voru þrjár umferðir og þannig fjölluðu allir hópar um öll markmiðin. Að lokum fóru fundarmenn sameiginlega yfir afrakstur vinnunnar. HS er falið að annast innslátt á öllum tillögnum í eitt skjal og senda það til stjórnarmanna sem geta þá bætt við því sem þeir telja vanta. Sérstaklega var bent á að hættan væri sú að þær leiðir og verkefni sem nú þegar er verið að vinna að gleymdust í svona yfirferð, en nauðsynlegt er að þau komi með þegar kemur að mati á mikilvægi og forgangsörðun. Stjórnarmenn er hvattir til þess að virkja sín ráð í þessa vinnu.
- 8) Önnur mál:
 - a) Vinnuhópur um starfsgrunn rekkaskáta: UGS lagði fram vinnuhópablað, samþykkt.
 - b) SumarGilwell: ÓP sagði frá námskeiðinu sem haldið verður á Úlfljótuvatni 21.-23. ágúst.
 - c) Skátapepporee: UGS sagði frá viðburðinum sem haldinn er á Úlfljótuvatni 12.-16. ágúst.
 - d) Andlát: Reynir Már Ragnarsson, fv. formaður Skógræktarfélags skáta við Úlfljótsvatn, lést 26. júlí.
 - e) Þátttaka í viðburðum: Skátamiðstöðinni er falið að taka saman yfirlit yfir þátttöku skáta úr einstökum skátafélögum í viðburðum síðastliðin 3-5 ár.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 22:25.

Fundargerð ritaði JA.